

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vegagerðin Reyðarfjörður



Dags eftirlits	26.6.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Vegagerðin	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Borgartúni 5 - 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	680269-2899	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Hinrik Oliversson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	N65°01'524 V14°12'563

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram við eftirlit er varða að uppfæra þarf tækjabúnað og verklagsreglur um löndun olíu til varnar yfirfyllingar við löndun biks, að olíuúrgangur stendur í opnu íláti við inngang stöðvarhúss, að skráningar á þjálfun starfsmanna vantar í rekstrarhandbók og að olíugeymar og lagnir eru ekki merktar með fullnægjandi hætti. Ein ábending var sett fram um að huga þurfi að frágangi á lóð að framkvæmdum loknum. Frávik frá eftirliti ársins 2016 stendur enn opið. Samþykkt úrbótaáætlun er til staðar en rekstraraðili er minntur á að uppfæra áætlunina í ljósi framkvæmda á lóðinni.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða bikbirgðastöð Vegagerðarinnar á Reyðarfirði og er heimild í starfsleyfi bundin við móttöku og geymslu í stærsta geymi, allt að 910 m³ af biki eða öðrum olíuefnum sem ætluð eru til malbiks og olíumalarefnaframleiðslu. Starfsleyfið gildir til 19. mars 2031.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð – uppfærslur áætlana, trygginga o.fl.
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Umgengni, aðkoma lóðar og skoðunarferð
- Önnur mál

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Eitt frávik frá ákvæðum starfsleyfisins kom fram við síðasta eftirlit, árið 2023, er varðar að þrýstiprófun á löndunarlögn var ekki framkvæmd innan tímaramma. Þrýstiprófun var framkvæmd þann 27. janúar 2023 og er frávikinu því lokað. Ein ábending var sett fram um frágang á lausamunum á lóð. Tiltekt hefur farið fram en ekki með fullnægjandi hætti. Frávik frá eftirliti ársins 2016 stendur enn opið varðandi að áfylling flutningsgeyma skuli fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfalli í lægsta punkti sem tengt er olíuskilju. Rekstraraðili sendi inn nýja úrbótaáætlun sem fól í sér að klæða ætti planið þar sem áfylling á bílana fer fram, í byrjun sumars 2024 og var hún samþykkt. Áður en sú framkvæmd hófst varð óhapp í stöðinni sem veldur því að þessar áætlanir teyfjast. Óskað er eftir því að ný áætlun verði send eftirlitsaðila hvað þetta varðar.

Engar breytingar hafa verið gerðar á stöðinni frá síðasta eftirliti og umfangið er álíka og verið hefur. Biki var síðast landað á bikgeyminn þann 15. maí sl. Óhapp varð við dælinguna þar sem geymirinn yfirfylltist og flæddi upp úr yfirfallsröri á geyminum sem og loka ofan á geyminum. Áætlað er að um 12-14 m³ af biki hafi farið upp úr geyminum og niður á þróarplanið, yfir um 140 m² malarsvæði. Bik flæddi yfir dæluhús og geyma rekstraraðila. Einnig fauk bik yfir á geyma Olíudreifingar sem standa við hlið stöðvarinnar og yfir nærsvæðið. Þróin tók við því biki sem flæddi niður geyminn og var því síðan mokað upp af planinu og fært til Fjarðabyggðar sem hyggst nota það til stígagerðar að sögn rekstraraðila. Bik lak ofan í lagnir við olíuskilju en reiknað er með að skiljan sjálf hafi sloppið. Grafa þarf upp allar lagnir að skiljunni og skipta um þær, þar sem þær eru ónýtar eftir bikið. Rætt var um að rekstraraðili setji loka við niðurfalli í þróni, þannig að hægt sé að loka handvirkt fyrir innrennsli í skiljuna, komi slys sem þetta fyrir. Enn var unnið að

hreinsun þegar eftirlitið fór fram og kemur það til með að taka einhvern tíma til viðbótar. Búið var að grafa upp rör að skiljunni og var verið að fjarlægja þau. Óskað er eftir því að rekstraraðili sendi myndir af frágangi að hreinsun lokinni og staðfestingu á því að lagnir og skilja virki aftur sem skildi, m.a. með mælingu úr skilju.

Ástæðu slyssins má rekja til þess að geymirinn hafði verið áætlaður stærri en hann er í raun. Útreikningar sem rekstraraðili hafði í höndum sýndu að stærð hans væri 920 m³, en raunstærð geymisins eru einungis 910 m³, eins og fram kemur í starfsleyfi. Hefur það verið leiðrétt í gögnunum og er óskað efir því að rekstraraðili uppfæri allar áætlanir sínar m.t.t. þess, þá sérstaklega verklagsreglur um löndun biks. Einnig var rætt um áreiðanleika hæðarnema í geyminum og rekstraraðili hvattur til að skoða aðrar lausnir sem gefa nákvæmari sýn á stöðu geymisins hverju sinni.

Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Rekstrarhandbók var yfirfarin og skráningar sem eiga að vera aðgengilegar í henni skv. starfsleyfi skoðaðar. Haldið er utan um skráningar á viðhaldi, eftirliti og bilunum á mengunarvarnarbúnaði s.s. hreinsivirki í frárennsli og lekavarnarbúnaði í dagbók en skráningar á þjálfun starfsmanna vantar. Starfsleyfi var aðgengilegt í rekstrarhandbók.

Þrjú geymar eru í stöðinni auk eldri geymis sem hefur verið aflagður. Þykktarmæla þarf viðloðunarefnisgeymi næst árið 2025 og lýsisgeymi árið 2027 og var minnt á það í eftirlitinu. Með reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi hefur krafa um botnþykktarmælingar á jarðbiksgeymum á 10 ára fresti verið felld út en ákvæðið er þó enn gilt í starfsleyfi. Þykktarmæla þarf aðra geyma á a.m.k. 10 ára fresti. Þrýstiprófun á löndunarlögn skal fara fram á 5 ára fresti skv. gr. 3.2 í starfsleyfi og næst skal prófa löndunarlögnina árið 2028.

Stöðin er staðsett innan lóðar Olíudreifingar ehf. og er leigusamningur þar um. Olíuskiljur eru sameiginlegar með Olíudreifingu og sjá starfsmenn hennar um að þjónusta skiljurnar og taka sýni skv. gr. 3.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili er minntur á að það er á ábyrgð starfsleyfishafa að senda niðurstöður mælinganna til eftirlitsaðila er niðurstöður berast, þó svo að mælingarnar séu framkvæmdar af Olíudreifingu.

Níu bambar stóðu í þrónni, hluti af þeim er tómur en annars innihéldu þeir Impact 8020 bindiefni. Tveir gámar standa í þrónni og í þeim er geymt viðloðunarefni fyrir bik m.a. Impact 8000 og Wetfix N sem og lýsi.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda hefur verið sent til eftirlitsaðila.

Gengið var um stöðina. Hlið var opið er að var komið en vinna við þrjú á geymum stóð yfir er eftirlitið fór fram. Girðingar eru heilar og í lagi. Opið er yfir í þró Olíudreifingar og Gallon beggja vegna stöðvarinnar en svæðið í heild er afgirt utanum þessar þrjár stöðvar. Bent er á að gæta þess að ganga frá lausamunum sem ekki er verið að nota til að lágmarka hættuna á foki og bæta ásjýnd.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 2.3 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal koma í veg fyrir að geymar yfiryllist, t.d. með viðeigandi tækjabúnaði og/eða verklagsreglum. Bæði tækjabúnaður og verklagsreglur voru til staðar en nýttust ekki sem skildi þegar á reyndi. Uppfæra þarf hvoru tveggja.
Gr. 2.6 í starfsleyfi	Olíuúrgangur stendur í opnu íláti við inngang stöðvarhúss og sullast hefur upp úr því og niður á malarundirlag. Fjarlægja þarf ílátið og koma úrganginum honum til förgunar á viðurkenndan hátt.

Gr. 4.8 í starfsleyfi

Skrá skal alla þjálfun starfsmanna í rekstrarhandbók stöðvarinnar. Skráningar um þjálfun eftirlitsmanna voru ekki til staðar og var rekstraraðila bent á að koma upp skráningarblöðum fyrir þjálfun starfsmanna.

Viðauka I í rg. 884/2017

Olífugeymar og olíulagnir skulu merktar með auðkennum skv. töflu í viðauka I. Engar merkingar sáust, hvorki á geymunum né lögnunum.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að huga þurfi að frágangi á lóðinni að loknum framkvæmdum vegna hreinsunar eftir óhapp við löndun biks.


ANNAD

Eitt mengunaróhapp varð frá síðasta eftirliti og hefur verið fjallað um það hér að ofan. Engar kvartanir eru skráðar, hvorki hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 23.07.2024



Guðbjörg Stella Árnadóttir

